

Atriði til að hafa í huga við gerð reikningsskila vegna áhrifa COVID-19

Ganga þarf úr skugga um að reikningsskilin séu í samræmi við kröfur IFRS-staðla eða ársreikningalaga.

IAS 36

- Vísbindingar um virðisrýrnun vegna samdráttar í eftirspurn eða aukins kostnaðar
- Flækjustig í sjóðstreymisáætlunum eykst með óvissu
- Áskoranir við að ákvarða vöxt og afvöxtunarstuðla

IFRS 9

- Afskráning fjármálagerninga vegna breytinga á skilmálum
- Flækjustig í mati á útlánaáhættu
- Verulegar breytingar í mati á væntu útlánatapi vegna aukinna vanskila
- Athygli á skýringum vegna vænts útlánataps (IFRS 7)

IFRS 15

- Breytingar á virði samningseigna eða fyrirframgreiðslna vegna breytinga í afskriftarhraða eða mögulegri virðisrýrnun
- Breytingar á mati í tekjuskráningu vegna verri innheimtanleika söluverðs (tengist mati á virðisrýrnun krafna skv. IFRS 9)

IFRS 16

- Virðisrýrnun leigueigna vegna neikvæðra áhrifa á framtíðarsjóðstreymi
- Breytilegar leigugreiðslur vegna viðbótarfrests á leigugreiðslum / leigulausra tímabila
- Breytingar á leiguskuld / leigueign vegna breyttra samningsskilmála
- Breytingar á IFRS 16 staðlinum

Atriðin sem upp eru talin eiga flest bæði við um IFRS og ársreikningalög

IAS 37

- Samningar verða íþyngjandi þar sem óhjákvæmilegur kostnaður er umfram hagrænan ávinning
- Mat á skuldbindingum vegna endurskipulagningar
- Viðbótaskýringar vegna óvissueigna tengdum tryggingabótum

IAS 2

- Aðlögun í úthlutun fasts kostnaðar vegna breytinga á framleiðslumagni
- Niðurfærsla birgða í endurheimtanlegt virði vegna hægari veltuhraða eða úreldingar birgða vegna samdráttar í sölu

Rekstrarhæfi og IAS 10

- Ítarlegar áætlanir og skýringar vegna óvissuþátta, fjölda mögulegra niðurstaðna og verulegra matskenndra þátta
- Nákvæm greining á atburðum eftir reikningsskiladag vegna COVID-19
- Atburðir sem kalla á leiðréttingar og viðbótarskýringar vegna verulegra atburða sem ekki kalla á leiðréttingar

Annað

- IFRS 5 – Eignir og / eða skuldir haldið til sölu og aflögð starfsemi vegna COVID-19
- IAS 12 – Veruleg áhrif á frestaðan skatt vegna breytinga á áætluðum framtíðarhagnaði og virðisrýrnunar eigna
- IAS 20 – Matskenndir þættir og viðbótarreikningsskilaaðferðir vegna opinberra styrkja

